



Umhverfis- og auðlindastefna Vestmannaeyjabæjar

Vegvísir að umhverfisvænna sveitarfélagi.

Í Vestmannaeyjum er samfélag sem byggir á eyjamenningu og nýtingu náttúruauðlinda. Sveitarfélagið vill skapa góð skilyrði fyrir umhverfið, fólk, fyrirtæki og stofnanir til að búa í fjölskylduvænu samfélagi með þróttmiklu mennta og menningarstarfi og öflugum atvinnulífi. Áhersla er á að varðveita sérkenni landslags, náttúru og menningarminja.

Vestmannaeyjabær er sveitarfélag með fjölbreytta starfsemi, þar á meðal skrifstofur og söfn, skóla og félagsmiðstöðvar, vinnu og hæfingarstöð, íþróttamannvirki, áhaldahús og veitur, móttökustöð fyrir sörp, slökkvistöð og höfn.

Framtíðarsýn

Vestmannaeyjabær er framúrskarandi á sviði umhverfismála í allri starfsemi sveitarfélagsins.

Stefna

Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að ganga vel um náttúruauðlindir samfélagsins, koma í veg fyrir mengun og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum umhverfisáhrifum af rekstri bæjarins með stöðugar umbætur að leiðarljósi.

Áherslur

Til að fylgja stefnu sinni leggur Vestmannaeyjabær áherslu á eftirfarandi í rekstri bæjarins

- Við förum vel með náttúru, auðlindir og menningarminjar bæjarfélagsins.
- Við leggjum áherslu á gott aðgengi að náttúrunni fyrir alla m.a. með göngu- og hjólastígum.
- Við viljum draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu.
- Við leggjum áherslu á ábyrg, hagkvæm og vistvæn innkaup.
- Við tryggjum að öllum lagakröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt og göngum lengra þegar það á við.
- Við viljum efla umhverfisvitund íbúa og starfsfólks með fræðslu, þjálfun, leiðbeiningum og virku umhverfisstarfi.
- Við leggjum áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stefnum á kolefnishlutleysi árið 2030.
- Við sköpum aðstöðu fyrir bæjarbúa til að draga úr umhverfisáhrifum sínum

Vestmannaeyjabær setur sér reglulega metnaðarfull markmið í umhverfis- og auðlindamálum sem eiga við um rekstur bæjarins og hvetjum fyrirtæki í sveitarfélaginu til að gera hið sama.

Eftirfylgni

Vestmannaeyjabær vaktar mikilvæga umhverfis- og auðlindapætti í starfsemi sinni til að fylgjast með árangri sínum. Stefnan og aðgerðaráætlunin eru rýnd og uppfærð reglulega af bæjarstjórn, fylgt eftir af umhverfisnefnd og upplýsingum um stefnuna og árangur miðlað til starfsmanna og íbúa bæjarins.